



Þingeyjarskóli er þátttakandi Erasmus samstarfsverkefni ásamt skólum frá Danmörku, Portúgal, Tyrklandi, Ítalíu og Kýpur. Í verkefninu sem ber heitið **Technology understanding and sustainability in practice cooperation** vinna þátttakendur mánaðarleg verkefni þar sem unnið er með tækni og sjálfbærni í skólastarfi auk réttinda barna. Verkefnið hófst árið 2022 og lýkur í febrúar 2025. Þátttakendur í verkefninu fyrir hönd skólans þetta skólaár eru Helga Sigurbjörg, Hildur Rós og Harpa Þorbjörg. Auk mánaðarlegra verkefna á þeim þremur árum sem verkefnið spannar hafa þátttakendur heimsótt hvern annan þar sem þeir skiptast á að vera gestgjafar. Verkefnið hófst árið 2022 með heimsókn til Danmerkur og í október sama ár hittist hópurinn í Portúgal. Í mars 2023 bauð Kýpur heim og fengum við þátttakendur í heimsókn til okkar haustið 2023. Í maí var farið til Tyrklands og í október er fyrirhuguð síðasta heimsókn verkefnisins til Florence á Ítalíu.

Fyrir þá sem vilja kynna sér verkefnið er hér tengill á heimasíðu verkefnisins [Technology understanding and sustainability](#)